

GJALDSKRÁ

HS Veitna hf. fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

HS Veitur hf. selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

HS Veitur hf. láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að mati HS Veitna hf.

Vatnsrennsli að húsinu verður mælt með þar til gerðum magnmælum eða af sérstökum ástæðum, að mati HS Veitna hf, takmarkað með magnhemli.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi á Suðurnesjum greiða samkvæmt magnmæli:

	án vsk	m. 11% vsk	m. 24% vsk	
Til húshitunar (80°C frá dælustöð)	183,50	203,69		kr./m ³
Til húshitunar (90°C frá dælustöð)	201,87	224,08		kr./m ³
Til annarra nota	183,50		227,54	kr./m ³
Til iðnaðar*	155,96		193,39	kr./m ³

* sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar.

Ef ekki er talið hægt að innheimta eftir magnmæli skal greiða samkvæmt magnhemli:

	án vsk	m. 11% vsk	
Húshitun l/m á ári (80°C frá dælustöð)	65.368,00	72.558,00 kr.	kr.
Húshitun l/m á dag (80°C frá dælustöð)	179,09	198,79	kr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi í Vestmannaeyjum greiða samkvæmt orkumæli:

	án vsk	m. 11% vsk	
Til íbúða húshitunar			
VM5 m ³	190,62	211,59	kr./m ³
VM5 kWh	10,24	11,37	kr./kWh

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: <https://www.os.is/>.

	án vsk	m. 11% vsk	
Til húshitunar annars en íbúða			
VM6 m ³	190,62	211,59	kr./m ³
VM6 kWh	10,24	11,37	kr./kWh

4. gr.

Fastagjald fer eftir stærð mælis/hemils og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir á Suðurnesjum:

	án vsk	m. 11% vsk	m. 24% vsk	
Mælir eða hemill allt að 20 mm	12.231,00	13.576,00	15.166,00	kr./ár
Mælir eða hemill allt að 20 mm	33,51	37,19	41,55	kr./dag
Mælir allt að 25-50 mm	24.510,00	27.206,00	30.392,00	kr./ár
Mælir allt að 25-50 mm	67,15	74,54	83,27	kr./dag
Mælir 65 mm og stærri	48.970,00	54.356,70	60.723,00	kr./ár
Mælir 65 mm og stærri	134,16	148,92	166,36	kr./dag

Fastagjald fer eftir stærð mælis og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu sem hér segir í Vestmannaeyjum:

Flokkur og stærð mæla	án vsk	m. 11% vsk	
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	48.538,00	53.877,00	kr./ár
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	132,98	147,61	kr./dag
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	96.711,00	107.349,00	kr./ár
MV2 Fyrir mæla 25-50 mm	264,96	294,11	kr./dag
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	193.864,00	215.189,00	kr./ár
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	531,13	589,56	kr./dag

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldþagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS Veitur hf. ákveða. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.

6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS Veitna hf. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

	án vsk	m. 11% vsk	
DN 20 mm heimæð	411.079	456.298	kr.
DN 25 mm heimæð	542.361	602.021	kr.
DN 32 mm heimæð	689.552	765.403	kr.
DN 40 mm heimæð	782.377	868.438	kr.
DN 50 mm heimæð	1.790.186	1.987.106	kr.
Bráðabirgðatenging, t.d. vinnuskúrar	46.413	51.518	kr.

Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra umfram 50 metra (20 metra innan lóðamarka)

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar en fyrir heimæðar 50mm og stærri er kostnaðarverð reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik.

	án vsk	m. 24% vsk	
Púlsmerki frá mæli	24.907	30.885	kr.
Ídráttarrör fyrir rafmagnsheimtaug og fjarskipti	43.516	53.960	kr.

III. KAFLI

7. gr.

Öll gjöld skal samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

8. gr.

HS Veitur hf. hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

	án vsk	m. 24% vsk	
Opnunargjald	9.575	11.873	kr.

9. gr.

Eftirlitsmanni HS Veitna hf. skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Virðisaukaskattur, 11,0% bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns og heimæða til annars en húshitunar og opnunargjaldi þar sem virðisaukaskatturinn er 24,0%.

Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til 2,0% orkuskatts á smásöluverð.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn HS Veitna hf. staðfestist hér með samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 464/2025.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 12. desember 2025.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Hreinn Hrafnkelsson.

B deild - Útgáfudagur: 17. desember 2025